

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 228/2012****2013/EES/18/24****frá 7. desember 2012****um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/141/ESB frá 1. mars 2011 um breytingu á ákvörðun 2007/76/EB um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd að því er varðar gagnkvæma aðstoð ⁽¹⁾.
- 2) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7fa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/76/EB) í XIX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32011 D 0141**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/141/ESB frá 1. mars 2011 (Stjtið. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 63).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/141/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 63.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.